

---

**2007 nr. 135 12. nóvember**

**Lög um notkun raflagna og raffanga í  
núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði  
fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli**

Tóku gildi 17. nóvember 2007. Breytt með 1. 39/2014 (tóku gildi 1. sept. 2014).

■ **1. gr.** Heimilt er að nota raflagnir og rafföng í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal fyrir 1. október 2007 leggja fram verká-

ætlan til [Mannvirkjastofnunar]<sup>1)</sup> um hvernig staðið verði að breytingum til samræmis við íslenskar kröfur fyrir 1. október 2010.

<sup>1)</sup> L. 39/2014, 13. gr.

■ **2. gr.** Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal tilnefna umsjónarmann öryggismála á svæðinu sem starfi í samvinnu við [Mannvirkjastofnun].<sup>1)</sup> Hann skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum.

<sup>1)</sup> L. 39/2014, 13. gr.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.